

Rafbassi (frá 9 ára aldri)

Rafbassinn er ungt hljóðfæri. Hann var fundinn upp á fjórða áratug síðustu aldar en komst fyrst í almenna notkun upp úr 1950. Rafbassinn er ómissandi í rokk-, popp- og blústónlist en einnig notaður nokkuð í djasstónlist.

Hljóð frá strengjum bassans er numið af „pick up“ sem breytir því í rafbylgjur sem síðan eru sendar með snúru í bassamagnara þar sem hægt er að hafa áhrif á tóninn og magna upp hljóðið nánast endalaust. Tilgangur tækninnar er að hljóðfæraleikarinn öðlist annars vegar góðan og persónulegan tón en hins vegar breytilegan tón, viðeigandi fyrir ólíka tónlistarstíla. Mikilvægt er því að bassanemendur öðlist haldgóða þekkingu á mögnurum, jaðartækjum og tónbreytum. Oftast er leikið á rafbassa með fingrunum en stöku sinnum með nögl. Flestir nemendur geta venjulegan rafbassa frá um það bil 10 ára aldri. Þó að til séu rafbassar í barnastærð er þeirra því yfirleitt ekki þörf. Margir rafbassaleikarar byrja að spila ungir að aldri. Þeir byrja þó oft ekki í hefðbundnu námi fyrr en þeir hafa leikið á hljóðfærið í allnokkur ár. Nemendur eru því oft nokkuð vel að sér varðandi algengustu hljóma en hafa yfirleitt litla eða enga reynslu í nótnalestri er þeir hefja nám. Nauðsynlegt er að taka mið af þessu í kennslunni. Einnig er mikilvægt að huga að tvíþættu hlutverki bassans í rytmískri tónlist, bæði sem undirleiks- og einleikshljóðfæris í ólíkum stílum rytmískrar tónlistar.

(Aðalnámskrá tónlistarskóla)

